

GJALDSKRÁ

vegna kattahalds í Blönduóssbæ.

1. gr.

Eigendur katta í Blönduóssbæ skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Blönduóssbæ nr. 777/2000, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1000. Ber eigendum að endurskrá ketti sína árlega og greiða kr. 1000 fyrir endurnýjað leyfi.

3. gr.

Eftirfarandi gjaldskrá gildir um handsömun katta í sveitarfélaginu:

Handsömun 1. skipti	kr. 7.000
Handsömun 2. skipti	kr. 12.500
Handsömun 3. skipti	kr. 17.500
Handsömun – ekkert leyfi	kr. 15.000

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Blönduóss með vísan í samþykkt um kattahald í Blönduóssbæ dags. 2. desember 2005, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Blönduósi, 16. janúar 2006.

Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri.